

Svar

mennta- og menningarmálaráðherra við fyrirspurn frá Birni Leví Gunnarssyni um lögbundin verkefni framhaldsskóla.

1. Hvaða lögbundnu verkefnum sinna framhaldsskólar á Íslandi?

Lögbundið hlutverk framhaldsskóla er tilgreint í lögum um framhaldsskóla, nr. 92/2008, og í aðalnámskrá framhaldsskóla frá árinu 2011, með síðari breytingum. Í 1. gr. laganna segir að nám á framhaldsskólastigi sé skipulagt sem framhald af námi á grunnskólastigi. Það miði að lokaprófi, starfsréttindaprófi, stúdentsprófi eða öðrum skilgreindum námslokum sem geta miðast við tiltekin störf og veitt sérstök réttindi þeim tengdum. Skv. 2. gr. laganna er hlutverk framhaldsskóla að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og virkri þátttöku þeirra í lýðræðis-þjóðfélagi með því að bjóða hverjum nemenda nám við hæfi.

2. Hver er áætlaður heildarkostnaður lögbundinna verkefna framhaldsskóla á Íslandi og hver er áætlaður kostnaður hvers verkefnis samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2020?

Í fjárlögum er kostnaði ekki deilt niður á hvert lögbundið verkefnið framhaldsskóla, heldur er gerð grein fyrir fjárheimildum vegna hvers málefna sviðs og málaflokks.

Opinberir framhaldsskólar fá greitt samkvæmt fjárlögum. Í fjárlögum fyrir árið 2018 var stigið fyrsta skrefið í átt að nýju reiknilíkani framhaldsskóla með því að innleiða þjónustulag og útskriftaralag. Í fjárlögum fyrir árið 2019 voru námsbrautir flokkaðar í ellefu verðflokka. Tekin var upp ný skilgreining á ársnema og nefndist nú ársnemi „nemandi í fullu námi“. Fjöldi nemenda í fullu námi er reiknaður út þannig að heildarfjöldi námseininga sem nemendur eru skráðir í þremur vikum eftir upphaf skólaannar er deilt með fjölda námseininga sem miðað er við fullt nám.

Reiknilíkan framhaldsskóla gegnir því hlutverki að skipta fé sem fjárveitingarvaldið veitir til skólanna og styðja við fagleg, fjárhagsleg eða pólitísk markmið. Endurskoðun líkansins hefur staðið yfir síðustu ár og hefur verið að taka gildi í áföngum frá 2018 en áætluð verklok eru 2021.

Fyrri taflan sýnir 11 verðflokka í reiknilíkani framhaldsskóla:

Verðflokkar námsbrauta	Lýsing	Verðhlutfall 2019	Verðhlutfall 2020
Flokkur 1	Verk- og starfsnámsbrautir sem þarfnast óverulegs tækjakosts með námslok á 1., 2. og 4. þrepi. Tekið tillit til mismunandi hópasterða.	1,00	1,00
Flokkur 2a	Stúdentsbrautir	1,11	1,11
Flokkur 2b	List- og verknámsbrautir skipulagðar sem stúdentspróf	1,32	1,38
Flokkur 3	Framhaldsskólaprófsbrautir á 1. og 2. þrepi	1,11	1,11
Flokkur 4	Verk- og starfsnámsbrautir sem þarfnast nokkurs tækjakosts með námslok á 2. og 3. hæfniþrepi. Tekið tillit til mismunandi hópasterða	1,29	1,36
Flokkur 5	Verk- og starfsnámsbrautir sem þarfnast sérstakrar aðstöðu utan um nokkurn tækjakost með námslok á 2. og 3. og 4. þrepi. Tekið tillit til mismunandi hópasterða	1,45	1,52
Flokkur 6	Verk- og starfsnámsbrautir sem þarfnast sérstakrar aðstöðu utan um sérhæfðan tækjakost með námslok á 2. og 3. þrepi. Tekið tillit til mismunandi hópasterða	1,59	1,67
Flokkur 7	Starfsnámsbrautir sem þarfnast umfangsmikillrar sérstakrar aðstöðu utan um mikinn og nokkuð sérhæfðan tækjakost með námslok á 3. og 4. þrepi. Tekið tillit til mismunandi hópasterða	1,73	1,81
Flokkur 8	Nemendur sem áður flokkuðust í sérkennslu 1 og 2	1,30	1,30
Flokkur 9	Nemendur sem áður flokkuðust í sérkennslu 3	2,37	2,37
Flokkur 10	Nemendur sem áður flokkuðust í sérkennslu 4	7,10	7,10
Flokkur 11	Nám fjarri aðalskóla: Í þennan flokk falla einingar þeirra nemenda sem eru skráðir í annan aðalskóla, þ.m.t. grunnskólanemendur.	1,00	1,00

Meginmarkmið með endurskoðuðu líkani er að gera það einfaldara og gegnsærra en fyrra líkan og að það styðji við breytingar sem orðið hafa í framhaldsskólakerfinu á síðastliðnum árum. Líkanið er samsett af eftirfarandi fjórum þáttum: Nám og kennsla, þjónustuframlag, önnur framlög til skóla og útskriftarframlag.

Hver skóli fær útteilt fjármagni í fjárlögum sem honum ber að ráðstafa í samræmi við hlutverk sitt og verkefni en þeim er í sjálfsvald sett hvernig þeir skipuleggja sitt skólastarf út frá lögum um framhaldsskóla og aðalnámskrá framhaldsskóla.

Seinni taflan sýnir skiptingu fjármagns á hvern framhaldsskóla samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2020:

Rekstrargrunnur	Nemendur í fullu námi. Fjárlög 2019 ¹	Nemendur í fullu námi. Fjárlög 2020 ²	Fjárlög 2020 m.kr.	Þús.kr. á nemanda í fullu námi
Menntaskólinn í Reykjavík	850,0	700,0	1.046,0	1.494,3
Menntaskólinn á Akureyri	737	590	988,5	1.675,4
Menntaskólinn að Laugarvatni	163	140	401,3	2.866,4
Menntaskólinn við Hamrahlöð	1.075	1.100	1.667,4	1.515,8
Menntaskólinn við Sund	706	700	1.044,0	1.491,4
Menntaskólinn á Ísafirði	229	260	551,2	2.120,0
Menntaskólinn á Egilsstöðum	292	290	611,5	2.108,6
Menntaskólinn í Kópavogi	894	850	1.497,3	1.761,5
Kvennaskólinn í Reykjavík	663	630	889,8	1.412,4
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	1.024	1.030	1.966,7	1.909,4
Fjölbrautaskólinn Ármúla	950	950	1.631,2	1.717,1
Flensborgarskóli	657	660	1.155,3	1.750,5
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	823	830	1.478,7	1.781,6
Fjölbrautaskóli Vesturlands	449	450	905,3	2.011,8
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	201	200	428,7	2.143,5
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	313	330	777,8	2.357,0
Fjölbrautaskóli Suðurlands	695	750	1.476,2	1.968,3
Verkmenntaskóli Austurlands	158	160	444,2	2.776,3
Verkmenntaskólinn á Akureyri	951	950	1.991,0	2.095,8
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	697	700	1.123,6	1.605,1
Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	97	100	266,1	2.661,0
Framhaldsskólinn á Húsavík	79	80	215,3	2.691,3
Framhaldsskólinn á Laugum	83	80	375,7	4.696,3
Borgarholtsskóli	993	1.030	1.933,2	1.876,9
Fjölbrautaskóli Snæfellinga	144	140	322,0	2.300,0
Menntaskóli Borgarfjarðar	130	100	245,2	2.452,0
Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ	320	320	594,5	1.857,8
Menntaskólinn á Tröllaskaga	161	160	310,8	1.942,5
Tækniskólinn	2.001	2.050	4.107,4	2.003,6
Verslunarskóli Íslands	1.250	1.150	1.576,9	1.371,2
Samtals	17.784	17.480	32.022,8	1.832,0

¹Miðað við fjölda nemenda þremur vikum eftir upphaf annar og skilgreinist nemandi í fullu námi ef skráðar námseiningar eru 75% af fullu námi eða meira.

²Miðað við fjölda nemenda þremur vikum eftir upphaf annar og skilgreinist nemandi í fullu námi í verðflokkum 1, 2a, 2b, 3 og 11 ef skráðar eru 100% námseiningar eru að meðaltali 60 einingar eða meira en í verðflokkum 4, 5, 6 og 7 ef skráðar námseiningar eru 80% af fullu námi. Nemendur í flokki 8, 9 og 10 eru skráðir miðað við hausatölu.